

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Kríumýri, L166232, aukið byggingarmagn.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Kríumýrar, L166232. Í breytingunni felst að heimilt byggingarmagn á byggingarreit 2 er aukið úr 200 fm í 350 fm.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. september 2025.

Deiliskipulagsbreyting, Hvítárbyggð, L238531, gisting I og II, skilmálabreyting.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í Hjálmholti, Hvítárbyggð, L238531. Í breytingunni felst að heimilt verði að stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. september 2025.

Deiliskipulagsbreyting, Hnaus 2, L192333, Mosató 3, L225133, breytt byggingarmagn og ný lóð.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Hnauss 2 og Mosatóar 3. Í breytingunni felst að byggingarreit innan lóðar Mosatóar 3, L225133, er hnikað til fyrir bílageymslu og reit hagrætt. Þá eru smáhýsi felld út innan lóðar og byggingarmagn minnkar um 240 fm ofanjarðar og hótélherbergjum fjölgar um 4. Einnig eykst byggingarmagn um 700 fm neðanjarðar og verður byggingin neðanjarðar og því ekki sýnileg.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. september 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. október 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 12. nóvember 2025